

AUGLÝSING

um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Flokkaskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 10. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum en þessi útgáfa vöruskrárinnar öðlast gildi 1. janúar 2012. Breytingarnar eru aðallega þær að í flokki 5 koma tilgreiningarnar „sérfæði og næringarefni ætluð til lyflækninga eða dýralækninga“ og „fæðubótarefni fyrir menn og dýr“. Í flokki 9 er nú að finna tilgreiningarnar „geisladiskar, stafrænir mynddiskar og annar stafrænn upptökubúnaður“ og „tölvuhugbúnaður“. Þá er tilgreiningin „sjálfsalar“ felld úr flokki 9 og verður nú tilgreind í flokki 7.

Auk framangreindra breytinga, sem helgast af breytingum samkvæmt 10. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar, þykir rétt að gera eftirfarandi leiðréttingar:

Flokkur 3. Tilgreiningin „dentifrices“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem tannhirðivörur en réttara þykir að þýða hana sem tannhirðuvörur.

Flokkur 5. Tilgreiningin „pharmaceutical and veterinary preparations“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem efnablöndur til lyfja- og dýralækninga en réttara þykir að þýða hana sem lyfjablöndur fyrir menn og blöndur til dýralækninga.

Flokkur 7. Tilgreiningin „motors and engines (except for land vehicles)“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem hreyflar (þó ekki í ökutæki) en réttara þykir að þýða hana sem hreyflar og vélar (þó ekki í landfarartæki).

Flokkur 9. Tilgreiningin „apparatus for recording, transmission or reproduction of sound or images“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd en réttara þykir að þýða hana sem tæki sem notuð eru til að taka upp, flytja eða fjölfalda hljóð eða mynd. Þá hefur tilgreiningin „recording discs“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar verið þýdd sem gagnadiskar en réttara þykir að þýða hana sem upptökudiskar.

Flokkur 12. Tilgreiningin „vehicles“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem ökutæki en réttara þykir að þýða hana sem farartæki til flutninga á landi.

Flokkur 19. Tilgreiningin „non-metallic rigid pipes for building“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem ósveigjanlegar pípur (ekki úr málm) en réttara þykir að þýða hana sem ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málm. Þá hefur tilgreiningin „non-metallic transportable buildings“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar verið þýdd sem færanleg hús, ekki úr málm en réttara þykir að þýða hana sem færanlegar byggingar, ekki úr málm.

Flokkur 22. Tilgreiningin „padding and stuffing materials (except of rubber or plastics)“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem bólstrunarefni (nema úr gúmmí eða plasti) en réttara þykir að þýða hana sem bólstrunarefni og tróð (nema úr gúmmí eða plasti).

Flokkur 29. Tilgreiningin „frosnir“ er tekin upp í samræmi við yfirskrift flokks 29 í ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar.

Flokkur 30. Tilgreiningin „tapioca“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem tapióka en réttara þykir að þýða hana sem tapiókamjöl.

Flokkur 31. Tilgreiningin „grains and agricultural, horticultural and forestry products not included in other classes“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum en réttara þykir að þýða hana sem korn og landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir sem ekki eru taldar í öðrum flokkum.

Flokkur 32. Tilgreiningin „fruit juices“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem ávaxtasafi en réttara þykir að þýða hana sem ávaxtasafar.

Í flokkaskránni er aðeins að finna meginefni hvers flokks. Styðjast verður við enska eða franska útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar (10. útgáfu) þegar vafi leikur á um hvar flokka skuli tiltekna vöru eða þjónustu.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja, nr. 100/2007.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 8. desember 2011.

Árni Páll Árnason.

Helga Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Skrá um flokkun vöru og þjónustu.

I. Vörur.

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða, óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sítunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljákvoða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni; litfestir; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápur; ilmvrur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðuvörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið eldsneyti fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti og kveikir til lýsingar.
5. Lyfjablöndur fyrir menn og blöndur til dýralækninga; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatúr; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sóttthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmur og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málm, færanlegar byggingar úr málm; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; járnvrur og smáhlutir úr málm; pípur og hólkar úr málm; öryggisskáp; vrur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar og vélar (þó ekki í landfarartæki); vélatengsli og drifbúnaður (þó ekki í landfarartæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar); sjálf-salar.
8. Handverkfæri og handknúin tól; eggjárn og hnífapör; höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna rafmagni; tæki sem notuð eru til að taka upp, flytja eða fjölfalda hljóð eða mynd; segulgagnaberar, upptökudiskar; geisladiskar, stafrænir mynddiskar og annar stafrænn upptökubúnaður; vélbúnaður fyrir mynststýrð tæki; búðarkassar, reiknivélar, gagnavinnslubúnaður og tölvur; tölvuhugbúnaður; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga, gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu, vatns- og hreinlætislagir.
12. Farartæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.

14. Góðmálmar og blöndur úr þeim, svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim sem ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til pökkunar (sem ekki eru talin í öðrum flokkum); leturstafir; myndmót.
17. Gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteyninn og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málm.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur og sóhlífur; göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málm); ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málm; asfalt, bik og malbik; færarlegar byggingar, ekki úr málm; minnisvarðar, ekki úr málm.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, filabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrouði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát; greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum); bólstrunarefni og tróð (nema úr gúmmí eða plasti); óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; rúmteppi; borðdúkar.
25. Fatnaður, skófátnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur, borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, þrjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur, gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrés-skraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, frosnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlauð, -sultur og -grautar; egg; mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó og gervikaffi; hrísgrjón; tapiókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt; sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Korn og landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; lifandi dýr; nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór; ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafar; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; pökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþróttar- og menningarstarfsemi.

42. Vísinda- og tækniþjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og grein-
ingarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar.
43. Veitingaþjónusta; tímabundin gistiþjónusta.
44. Lækniþjónusta; dýralækniþjónusta; fegrunar- og snyrtiþjónusta fyrir menn og dýr; þjónusta
við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
45. Lögfræðiþjónusta; öryggisþjónusta til verndar einstaklingum og eignum; persónu- og félagsleg
þjónusta í þágu einstaklinga.